

## Vísindanefnd

Drjúgur hluti starfs nefndarinnar var vegna stefnu Háskólans sem samþykkt var á árinu. Var nefndinni falið að fylgja eftir mörgum atriðum í stefnunni með tillögum. Ber þar hæst breytingar á matskerfi vegna vinnumatskerfis Háskólans. Því verki lauk á árinu með því að nefndin skilaði tillögum til rektors.

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskólans. Vinna við úthlutun úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2009 átti sér stað í lok ársins eins og áður og sem fyrr var faglegt mat skilið frá úthlutunarvinnu. Til viðbótar umsóknum frá eldri fræðasviðum Háskóla Íslands bárust sjóðnum nú í fyrsta skipti umsóknir frá menntavísindasviði. Faglegt mat önnuðust fimm fagráð, fagráð fræðasviða skólans. Í hverju fagráði voru um 7-8 fulltrúar, þar af voru einn til tveir fulltrúar úr vísindanefnd. Fagráð mátu allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar var síðan í höndum vísindanefndar. Við úthlutun var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður. Lögð var áhersla á að styrkja sem best þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda.

Umsóknir voru 209 og voru alls 182 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 172 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2009. Meðalstyrkur var 945 þús. kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Vísindanefnd sá einnig um úthlutun verkefnabundinna styrkja til tækjakaupa eins og áður. Á árinu 2008 voru einnig veittir styrkir til nýdoktora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs. Alls voru veittir 23 styrkir (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Tryggt hefur verið fjármagn til þessara styrkja á árinu 2009. Þá voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í framhaldsnámi að upphæð 3,7 mkr.

Á árinu voru í þriðja sinn veittir styrkir til framhaldsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands (sjá nánar kafla um Háskólasjóð). Faglegt mat á umsóknum var samkvæmt reglum í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsóknarferil stúdents.

Þá voru í annað sinn veittir sérstakir styrkir til doktorsnema úr Rannsóknasjóði svipaðir þeim sem veittir eru úr Háskólasjóði. Mat á þeim umsóknum var í höndum fagráða vísindanefndar, með sama sniði og fyrir umsóknir í Háskólasjóð. Vísindanefnd úthlutaði síðan styrkjum til 26 verkefna í febrúar. Í lok ársins voru umsóknir til sjóðsins vegna úthlutunar 2009 metnar af fagráðum nefndarinnar. Matið fór fram með sama hætti og áður.

Vísindanefnd tilnefndi þrjá vísindamenn til verðlauna vegna árangurs í rannsóknum. Nefnd undir forsæti rektors valdi síðan Höskuld Þráinsson, prófessor í hugvísindadeild. Honum voru veitt verðlaunin við brautskráningu Háskólans 25. október 2008.

Skipan vísindanefndar 2008:

Til 30. október 2009:

Helga Ögmundsdóttir, prófessor í læknadeild, formaður, Guðrún Nordal, prófessor í hugvísindadeild, Jón Gunnar Bernburg, dósent í félagsvísindadeild, Ingibjörg Harðardóttir, dósent í læknadeild, Jóhannes R. Sveinsson, prófessor í verkfræðideild, Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í raunvísindadeild og Brynhildur Thors, doktorsnemi í læknadeild, fulltrúi stúdenta.

Á árinu urðu breytingar á nefndinni við breytingar á skipulagi skólans og tók ný nefnd til starfa 30. október 2008.

Formaður: Helga Ögmundsdóttir, prófessor í læknadeild, Ingibjörg Harðardóttir, prófessor í læknadeild og Jóhannes R. Sveinsson, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræðideild. Þau eru öll skipuð til 1. október 2009

Eftirtaldir voru skipaðir til þriggja ára: Jón Gunnar Bernburg, dósent í félagsvísindadeild, Allyson Macdonald, prófessor í uppeldis- og menntunarfræðideild, Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður á Jarðvísindastofnun, Herdís Sveindóttir, prófessor í hjúkrunarfræðideild, Svavar Hrafn Svavarsson, dósent í sagnfræði- og heimspekideild